



Krabbameinsfélagið Framför

Staðan hjá félaginu í lok árs 2021
og drög að verkefnum á árinu 2022







Efnisyfirlit

Verkefni hjá Krabbameinsfélaginu Framför á árinu 2021	5
1. Starfsemi stuðningshópa	5
2. Vefur og samfélagsmiðlar	5
3. Fræðslu- og upplýsingaumhverfi	5
4. Stefnumótun og hugmyndafræði	5
5. Fjáraflanir og vitundarvakning	5
6. Samfélagslegt umhverfi - Hellirinn	5
7. Samstarf við fagfólk og aðila í íslensku heilbrigðiskerfi	5
8. Rekstrarumhverfi	5
Drög að verkefnum hjá Krabbameinsfélaginu Framför á árinu 2022	7
Innlegg um stöðu og framtíðarsýn hjá félaginu	7
1. Starfsemi stuðningshópa	7
2. Vefur og samfélagsmiðlar	7
3. Fræðslu- og upplýsingaumhverfi	8
4. Stefnumótun og hugmyndafræði	9
5. Fjáraflanir og vitundarvakning	9
6. Samfélagslegt umhverfi - Hellirinn	9
7. Samstarf við fagfólk og aðila í íslensku heilbrigðiskerfi	10
8. Rekstrarumhverfi	10
9. Starfsaðstaða og húsnæði	10
10. Starfsmannamál	10
11. Hagsmunagæsla	11
Klukkan tifar!!!	12





Verkefni hjá Krabbameinsfélaginu Framför á árinu 2021

1. Starfsemi stuðningshópa

Búið er að leggja mikla vinnu í að byggja upp stuðningshópa. Sameinaðir voru stuðningshóparnir Góðir hálsar sem starfaði hjá Krabbameinsfélagi Höfuðborgarsvæðisins og Blöðruhálsar sem starfræktur hefur verið lengi í Ljósinu og sá sameinaði hópur hefur stækkað mikið. Búið er að stofna stuðningshópinn Trausta maka og halda fyrsta fund. Stefnt er á að gera þarfagreiningu á starfseminni fyrir stuðningshópana Fríska men og Trausta maka.

2. Vefur og samfélagsmiðlar

Búið er að stilla upp greinargóðu upplýsingaumhverfi á vefsvæðinu www.framfor.is og setja inn efni fyrir karla við greiningu og eftir greiningu á krabbameini í blöðruhálsi og einnig sérstakt efni fyrir þeirra maka. Settar eru reglulega inn nýjar fréttir, fræðsluefni og upplýsingar til að halda vefsvæðinu vakandi.

3. Fræðslu- og upplýsingaumhverfi

Búið er að opna stafrænt umhverfi sem hugsað er að verði einskona náms- og fræðsluumhverfi á netinu www.framfor.is/fraedslunet. Verið er að ræða við Áslaugu Kristjánsdóttur kynfræðingur um að standa fyrir kynningu/námskeiði um nánd og kynlíf hjá körlum með krabbamein í blöðruhálsi og þeirra mökum.

4. Stefnumótun og hugmyndafræði

Á árinu 2021 var unnin stefnumótun og hugmyndafræði félagsins og lagður grunnur að “Stefnuskrá” www.framfor.is/manifesto sem í grunnin byggir á sambærilegu efni og hjá samtökunum í Bretlandi og búið er að staðfæra yfir á íslenskar aðstæður. Gefið var út og pentað sérstakt rit um grunnstoðir félagsins og “Stefnuskrá” í byrjun árs og afhent nýjum stjórnarmönnum sem kosnir voru á árinu. Stækkun á stjórn og ný verkaskipting var síðan gerð á aðalfundinum 2021.

5. Fjáraflanir og vitundarvakning

Búið er að leggja grunn að árverkni- og fjáröflunarverkefninu Blái trefillinn www.blaitrefillinn.is sem grundvallast á árlegri vitundarvakningu í nóvember á hverju ári og sölu á barmnælu allt árið og sjálfum bláa treflinum í nóvember. Rætt hefur verið um að vera með mjög stórt kynningarverkefni í nóvember 2022 í samstarfi við Ennemm auglýsingastofu.

6. Samfélagslegt umhverfi - Hellirinn

Búið er að móta hugmyndir um samfélagslegt umhverfi fyrir karla með krabbamein í blöðruhálsi og þeirra aðstandendur - www.framfor.is/felagsmidstodin

7. Samstarf við fagfólk og aðila í íslensku heilbrigðiskerfi

Búið er að móta hugmyndir um upplýsingaferla við greiningu á krabbameini í blöðruhálsi og búið að halda fyrsta fund með félagi þvagfærasérfræðinga um þetta. Áætlað er að halda næsta fund í byrjun ársins 2022.

8. Rekstrarumhverfi

Samþykkt var í stjórn í nóvember að reka rekstrarumhverfi félagsins með virðisauka og sótt um slíka starfsemi til RSK. Þetta var gert eftir að hafa fengið ábendingar frá KÍ um að vöru með undanþágu frá VSK mætti ekki selja á öðrum tíma ársins. Rætt var líka við Kraft um þeirra tilhögun og þau reka sitt rekstrar umhverfi með VSK allt árið.





Drög að verkefnum hjá Krabbameinsfélaginu Framför á árinu 2022

Innlegg um stöðu og framtíðarsýn hjá félaginu

Á árinu 2020 og fram á árið 2021 var mikið unnið í grunnþáttum varðandi stefnumótun og hugmyndafræði fyrir félagið og í dag liggur fyrir nokkuð vel skilgreind staða um þessa málaflokka. Unnin var og prenuð sérstök samantekt um þessa þætti hjá félaginu á árinu 2021 og bætt við það “Stefnumörkun” ([sjá](#)) sem sett var upp samkvæmt fyrirmynd um sambærilega hluti hjá Prostate Cancer UK í Bretlandi.

Mikið hefur áunnist í grunnþáttum í starfsemi félagsins á árinu 2021 og verkefni á árinu 2022 munu snúast um að halda því starfi áfram, þróa ofan á þá þætti sem komnir eru af stað og festa þá í sessi til framtíðar. Byggja þarf á öflugri framtíðarsýn til að ná góðum árangri.

Sérstaklega þarf að huga að fjáröflunarverkefnum á árinu 2022, en þau eru og munu vera grundvallar undirstaða fyrir því að félagið geti starfað hlutlaust, sjálfstætt og án þess að vera undir áhrifun frá öðrum aðilum. Framtíðar markmið félagsins í fjármögnun á eigin starfsemi þarf því að byggja á því langtíamarkmiði að vera sjálfbært og án utanaðkomandi áhrifa. Það er í raun eina leiðin til að tryggja sjálfbæra stefnumörkun og hugmyndafræði sem byggir á því að sjónarmið félagsmanna og þeirra aðstandenda nái alltaf fram að ganga.

Félagið hefur alltaf sýnt umburðarlyndi gagnvart öllum samstarfs aðilum og þrátt fyrir að félagið hafi stundum fengið ósanngjarna gagnrýni og athugasemdir frá ýmsum aðilum á árinu, hefur aldrei verið birt opinberlega neitt um þetta frá félaginu. Allt efni sem hefur verið birt frá félaginu og öll viðtöl í fjölmiðlum (sem hafa verið mjög mörg á árinu) hafa innihaldið jákvæða afstöðu gagnvart öllum samstarfsaðilum og komið hefur verið á framfæri þakklæti til þeirra aðila sem hafa stutt fjárhagslega við starfsemi félagsins. Mjög áriðandi er að viðhalda alltaf þessari nálgun í framsetningu efnis frá félaginu.

1. Starfsemi stuðningshópa

Gera þarf þarfagreiningu á umhverfi stuðningshópsins Frískra manna um þörf fyrir upplýsingar og stuðning og hversu oft þörf er fyrir að þessi hópur hittist. Vinna þarf þarfagreiningu á stuðningshópnum Traustir makar og koma reglulegri dagskrá í gang. Skoða þarf með að skipta sameinaða hópnum Blöðruhálsar/Góðir hálsar í tvennt með annarsvegar áherslu á nýgreinda karla og hins vegar á karla sem eru með lengra gengið krabbamein.

Blöðruhálsar - www.framfor.is/ljosidfundir

Frískir menn - www.framfor.is/friskirmenn

Traustir makar - www.framfor.is/thraustirmakar

Á árinu var farið austur á Reyðarfjörð og komið í gang blönduðum stuðningshópi karla með krabbamein. Verið er skoða að setja í gang stuðningshópa karla (blöðruhálskrabbamein eða blönduðum) í Skagafirði, á Suðurnesjum og á Ísafirði. Einnig er verið að skoða að setja í gang stuðningshóp fyrir maka á Akureyri.

2. Vefur og samfélagsmiðlar

Áfram þarf að þróa efni á vefsvæðinu www.framfor.is og halda vefsvæðinu vakandi með nýjum fréttum og upplýsingum.

Virkja þarf herferð til að fjölga aðilum sem fylgjast með samfélagssíðunni www.facebook.com/framfor og byggja þar upp öflugan fylgjendahóp. Þetta er sérstaklega áriðandi gagnvart aðilum sem hafa greinst með krabbamein í blöðruhálsi og þeirra mökum.

Komið hefur í ljós á árinu 2021 að mjög margir aðilar tóku þátt í fundum, kynningum og annarri starfsemi í gegnum streymi á netinu. Festa þarf þennan þátt betur í sessi og leggja grunn að því að streyma sem flestum viðburðir á vegum félagsins.



Dæmi um streymi á árinu:

- Rafn Hilmarsson með fyrirlestur hjá Frískir menn um þróun meðferða í 10 ár
<https://livestream.com/krabb/framfor15112021/videos/227393545>
- Kynningarfundur á Akureyri - <https://livestream.com/krabb/framfor19102021/videos/226724341>
- Stofnfundur á Traustum mökum
<https://livestream.com/krabb/framfor22092021/videos/226056997>

3. Fræðslu- og upplýsingumhverfi

Gera þarf góða þarfagreiningu á staðbundinni fræðslu sem er fyrir hendi hjá Krabbameinsfélaginu og Ljósinu og greina hvort einhverju þurfi að bæta við. Vinna þarf síðan heildarmynd á þetta umhverfi og setja fram á vefsíðu félagsins.

Móta þarf stefnumótun á fræðsluneti ([sjá](#)) um framboð á námskeiðum og vinnustofum fyrir karla sem greinast með krabbamein í blöðruhálsi og þeirra maka. Þetta þarf að gera með sérstaka áherslu á landsbyggðina og þá aðila sem ekki treysta sér til að sækja staðbundin námskeið og vinnustofur. Fræðslunetið há Framför er hugsað fyrir karla sem hafa greinst með krabbamein í blöðruhálskirtli og þeirra maka og aðstandendur sem vilja fræðast um hvernig best sé að takast á við þetta krabbamein og efla sig persónulega í þeim aðstæðum. Þetta snýst um að ná fram betri lífsgæðum í virku eftirliti, á meðan á meðferð stendur og eftir meðferð fyrir bæði krabbameinsaðila og hans aðstandendur.

Á Fræðslunetinu hjá Framför á í framtíðinni að vera hægt að raða saman fræðslu, námskeiðum, kynningum og vinnustofum til að mynda heilstætt umhverfi með upplýsingum og fræðslu um krabbamein í blöðruhálskirtli, fá fræðslu sem tengist umönnunarumhverfi maka, sjálfstyrkingu og persónulegan þroska fyrir aðila með krabbamein í blöðruhálskirtli og aðstandendur til að takast á við greiningu, meðferð og lífið eftir meðferð.

Þetta fræðsluumhverfi er hugsað fyrir aðila sem vilja fræðast á eigin forsendum og á þeim hraða sem hentar hverjum og einum. Þetta er einnig hugsað fyrir aðila á landsbyggðinni sem geta ekki ferðast langar vegalendir vegna sinnar heilsu eða fjárhagslegs kostnaðar.

Gert er ráð fyrir að byggja upp þetta fræðsluumhverfi á löngum tíma og að reglulega verið sett upp ný fræðsla, námskeið og vinnustofur. Gert er ráð fyrir að vinna fræðsluefni út frá staðbundnum námskeiðum og vinnustofum (sem er fyrir hendi) inn á þetta rafræna fræðsluumhverfið á netinu.

Dæmi um fræðslu fyrir karla með krabbamein í blöðruhálskirtli

- Fræðsluumhverfi fyrir nýlega greinda aðila með krabbamein.
- Upplýsingumhverfi og vinnustofur fyrir karlmenn sem hafa verið greindir með krabbamein og eru í virku eftirliti eða vaktaðri bið.
- Upplýsingar um meðferðarmöguleika
- Áhrif mismunandi meðferða, líkamlega og andlega
- Áhrif aukaverkana frá mismunandi meðferðum
- Takast á við lífið eftir meðferð, líkamlega og andlega
- Kynlíf og krabbamein

Dæmi um fræðslu fyrir maka karla með krabbamein í blöðruhálskirtli

- Vera til staðar við greiningu
- Að vera maki karlmanns í virku eftirliti
- Stuðningur maka í mismunandi meðferðum
- Að takast á við það að eiga maka sem hefur lokið meðferð
- Hvað er að vera umönnunaraðili?
- Að passa sjálfa/n sig sem unnönnunaraðila
- Möguleg aðstoð fyrir umönnunaraðila
- Kynlíf og krabbamein



Halda þarf áfram að þróa Hlaðvarp sem búið er að leggja grunn að á vefsvæði félagsins www.framfor.is/podcast þar sem væru viðtöl við aðila sem tengjast krabbameini í blöðruhálsi. Halda þarf áfram að byggja þetta upp, en beðið er eftir varanlegri aðstöðu fyrir þetta sem Krabbameinsfélagið er að setja upp.

Halda þarf áfram að þróa rafrænt umræðu- og spurningaumhverfi á vefsvæði félagsins www.framfor.is/umraeda þar sem karlar með krabbamein í blöðruhálskirtli og þeirra aðstandendur geta rætt saman, sett inn spurningar og miðlað reynslu.

4. Stefnumótun og hugmyndafræði

Fyrir liggur nokkuð góð stefnumótun og hugmyndafræði um flesta þætti í starfsemi félagsins sem unnin var á árunum 2020 og 2021. Einnig hefur verið lagður grunnur að “Stefnuskrá” ([sjá](#)) sem er einkonar framtíðarsýn félagsins. Það þarf að greina grunnþætti um þjónustu, ráðgjöf og stuðning við karla með krabbamein í blöðruhálsi og þeirra aðstandendur í samstarfi við Ráðgjafathjónustu KÍ og Ljósið. Gera þarf þarfagreiningu á þeirri þjónustu, stuðningi og fræðslu sem fyrir hendi er og meta síðan hverju þurfi að bæta við. Í þessari vinnu þarf að byggja á þeirri stefnumótun og hugmyndafræði sem búið er að móta.

5. Fjárafilanir og vitundarvakning

Stefna þarf á að lyfta verkefninu Bláa treflinum www.blaitrefillinn.is upp á árinu 2022 með nýrri markaðshugmynd frá Ennem. Þar er gert ráð fyrir að sameina alla karla og konur í stuðningsklúbbum í knattspyrnu um að styðja félagið Bláa trefillinn. Nota þarf texta í laginu “You never walk alone” sem undirstrikar slagorð félagsins “Þú gengur aldrei einn”. Í nóvember (árlegur mánuður krabbemins í blöðruhálsi á Íslandi) verður stór markaðsherferð með sjónvarpskvöldi þar sem áhersla verður lögð á að selja trefla með liðinu “Blái trefillinn” og standa fyrir málþingi um helstu áhersluatriði sem tengjast krabbameini í blöðruhálsi.

Seja þarf á árinu 2022 í gang kerfisbundna félagasöfnun á samfélagsmiðlum og hafa markmið um að ná allt að 1000 skráðum félagsmönnum í lok árs 2022 sem gæti skilað félaginu um kr. 5 milljónir í tekjur.

Verið er að vinna skýrslu um framtíðarfjármögnun félagsins byggt á fyrirliggjandi stefnumörkun og hugmyndafræði. Félagið hefur notað Salesforce CRM viðskiptahugbúnað frá ágúst 2020 þar það sem haldið er utan um skráningu félagsmanna og skráningu á viðburði. Þetta er einn öflugasti CRM hugbúnaður í heiminum í dag og Framför er með 10 endurgjaldslaus notkunarleyfi á þessum hugbúnaði í gegnum Nonprofit Success Pack (NPSP).

Hugmyndir eru um að vera með sérstakt átak/velunnarakerfi til fyrirtækja með sölu á nælu Bláa trefilsins og afhendingu á upplýsingum um heilsuþætti leiðir fyrir karla. Þetta væri í gangi allt árið.

6. Samfélagslegt umhverfi - Hellirinn

Gert er ráð fyrir að móta framtíðarstarfsemina Hellirinn í samfélagslegu umhverfi Framfarar á árinu 2022. Fyrir utan stuðningshópa, þá er gert ráð fyrir að setja í gang tólmstundahópa og vinarhópa. Einnig er stefnt að því að opna félagsmiðstöð fyrir karla sem greindir eru með krabbamein í blöðruhálsi.

Félagsmiðstöðin verði samfélagslegt umhverfi fyrir karla sem greinast með krabbamein í blöðruhálskirtli og þeirra maka. Markmiðið með þessu umhverfi er að stuðla að samveru, samkennd, fræðslu og þekkingu varðandi leiðir og valkosti til að takast á við stöðuna með það að markmiði að hámarka bestu lífsgæði á öllum stigum þess sem fylgir að upplifa krabbamein í blöðruhálskirtli. - www.framfor.is/samfelag

Rekstur á kaffihúsi verði í höndum sjálfboðaliða. Stefnt verði að því að hafa létt og óformlegt umhverfi þar sem karlar eða þeirra aðstandendur geti fengið sér kaffibolla og tekið spjall. Umsjón með þessu umhverfi væri að stærstum hluta í höndum sjálfboðaliða. Opnunartími væri til að byrja með seinnipartinn virka daga, en með tímanum væri stefnt að því að hafa þetta líka opið á kvöldin virka daga og jafnvel um helgar.



Sjálfbóðaliðar hafi umsjón með stuðningshópum og tómsundaumhverfi. Gert er ráð fyrir að sjálfbóðaliðar muni leiða að stærstum hluta bæði starfsemi stuðningshópa og umsjón með verkefnum í tómsundaumhverfi og þeirra sérmenntun verði nýtt í hverju tilfelli (s.s. iðmenntun).

7. Samstarf við fagfólk og aðila í íslensku heilbrigðiskerfi

Áfram verður haldið að leggja grunn að samstarfi við Félag þvafærasérfræðinga á Íslandi um mótun ferla í upplýsingum við greiningu á krabbameini í blöðruhálsi. Með slíkum ferlum ættu þessir aðilar að komast í samband við Framför í miklu meira mæli en hefur verið til þessa. Verið er að þróa í þessu umhverfi nýtt vefsvæði www.framforiheilsu.is í samstarfi við Félag þvafærasérfræðinga á Íslandi.

Verið er að vinna að því að þeir sem greinist með krabbamein í blöðruhálsi fá úthlutað sérhæfðum hjúkrunarfræðingi sem tengilið eftir greiningu. Sambærilegt er komið í gang fyrir konur sem greinast með krabbamein. Rætt hefur við Féлага þvafærasérfræðinga um að senda sameiginlegt bréf til Landsspítala varðandi þetta verkefni.

Leggja þarf grunn að sérstöku stuðnings- og fræðsluumhverfi fyrir fagfólk í heilbrigðisþjónustu þar sem aðgangur væri að séhæfðu efni úr umhverfi karla sem hafa greinast með krabbamein í blöruhálsi og þeirra aðstandenda. Fyrirmyndin af þessu væri sótt til bresku samtakanna Prostate cancer UK sem eru með sérstakt umhverfi fyrir þessa aðila á sínu vefsvæði <https://prostatecanceruk.org/for-health-professionals>

8. Rekstrarumhverfi

Ef fyrirbyggjandi áætlaðar, hugmyndir og verkefni ganga upp gætu árstekjur félagsins 2022 orðið 30 til 40 milljónir og tekjur ársins 2023 gætu orðið allt að 70 til 80 milljónir. Þau verkefni sem þarna liggja á bak við eru:

- fjármögnun með styrkjum frá ýmsum aðilum
- velunnarakerfi hjá fyrirtækjum (næla Bláa trefililsins og upplýsingagjöf).
- árverkni- og styrktaráttak í nóvember (mánuður krabbameins í blöðruhálsi)
- markviss félagasöfnun á samfélagsmiðlum

Í grunninn eru stærstu útgjaldaliðir félagsins starfsmannakostnaður sem mundi hækka verulega ef öðrum starfsmanni væri bætt við. Í dag er félagið með aðstöðu fyrir einn starfsmann hjá Ráðgjafabjónustu Krabbameinsfélagsins.

9. Starfsaðstaða og húsnæði

Starfsmaður hefur verið með starfsaðstöðu í boði Ráðgjafabjónustu KÍ, deilt þar herbergi með öðrum og nokkrum sinnum þurft að færa sig á milli herbergja og breyta vinnutíma. Í upphafi var erfitt að auglýsa fastan opnunartíma fyrir þjónustu félagsins vegna sífelldra breytinga á vinnutíma að ósk Ráðgjafabjónustu.

Aðstaða hjá Ráðgjafabjónustunni er mjög góð fyrir fundi hjá stuðningshópum, en erfitt hefur verið að fá viðunnandi aðstöðu fyrir persónuleg viðtöl vegna þess að það er bara eitt viðtalsherbergi hjá Ráðgjafabjónustunni. Finna þarf varanlega lausn á þessu fyrir árið 2022.

Huga þarf að framtíðaraðstöðu þar sem hægt væri að koma fyrir starfsmannaaðstöðu, ráðgjöf, fundaraðstöðu og samfélagslegri félagsmiðstöð.

10. Starfsmannamál

Á árinu 2021 var einn starfsmaður í 60% starfi og ef áætlanir um starfsemina á árunum 2022 og 2023 eiga að ganga upp þarf að bæta við að minnsta kosti einum starfsmanni til viðbótar í fullt starf.

Aðalstyrkleiki hjá félaginu í dag liggur í áframhaldandi þróun og uppbyggingu þeirra þátta sem búið er að leggja grunn að. Þar má t.d. nefna uppbyggingu á fræðsluneti, umræðupallborði, hlaðvarpi, þarfagreiningu




á starfi stuðningshópa, fjölga stuðningshópum á landsbyggðinni, leggja grunn að tómsunda- og vinahópum ásamt því að byggja upp samfélagslega umhverfið Hellirinn.

Áherslur hjá nýjum starfsmanni myndu liggja að mestu í að sinna öðrum verkefnum s.s. fjáröflunum sem búið er að leggja grunn að og koma þeim í ákveðinn fastan farveg til framkvæmdar til lengri tíma.

11. Hagsmunagæsla

Það er þörf fyrir að skapa Krabbameinsfélaginu Framför stöðu til að takast á við ýmisleg hagsmunamál karla. Eitt af þeim verkefnum sem ætlað hefur verið að skapa þessa stöðu var útgáfa á 8 síðna kynningarblaði með Fréttablaðinu þann 13. nóvember 2021 ([sjá](#)) til að kynna félagið og þá sem standa að því. Langtímaverkefni hjá Krabbameinsfélaginu Framför er síðan að sinna fjölbreyttri hagsmunagæslu fyrir karla sem greinast með krabbamein í blöðruhálskirtli og þeirra aðstandendur. Þar má nefna:

- Niðurgreiðslu á lyfjum sem tengjast krabbameini og aukaverkunum sem fylgja meðferðum.
- Niðurgreiðslu á stoðvörum sem tengjast krabbameini í blöðruhálsi.
- Tryggja réttarstaðu maka karla með krabbamein í blöðruhálsi til að auðvelda þeim að sinna á sem bestan hátt sínum mönnum við að eiga við þetta krabbamein.
- Rétt á niðurgreiðslu á endurhæfingu eftir meðferðir.
- Efla rannsóknir á sviði karlsjúkdóma.
- Efla umræðu um samfélagslega stöðu karla í kynjaumræðu í vísinda- fræða- og háskólaumhverfi (með tilvísun í rannsóknarniðurstöður Dr. Ásgeirs R. Helgasonar).
- Vinna með heilbrigðiskerfinu að breytingum til að koma til móts við sérþarfir karla (með tilvísun í rannsóknarniðurstöður Dr. Ásgeirs R. Helgasonar).
- Fylgjast með alþjóðlegum rannsóknum á málum sem tengjast krabbameini í blöðruhálsi



Klukkan tifar!!!

Ef við náum þessu öllu, getum við byrjað að bera okkur saman við þær framfarir sem alþjóðlega brjóstakrabbameinshreyfingin hefur gert fyrir konur.

Við getum tekið á stóru vandamálunum og breytt horfum karlmanna, fyrir þá sem eru í kringum þá og fyrir þá sem þeir munu skilja eftir sig. Sameinumst núna til að gera raunverulega gæfumun.

Karlmenn, við stöndum með ykkur



Krabbameinsfélagið Framför

Félag karla með krabbamein í blöðruhálskirtli og aðstandenda
Skógarhlíð 8 – 108 Reykjavík – Sími 5515565 - www.framfor.is – framfor@framfor.is